



# ÍSAFJARÐARBÆR

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðun  
Skúlagötu 4  
150 Reykjavík

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður  
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | [www.isafjordur.is](http://www.isafjordur.is)

Ísafjörður, 15. desember 2017  
2017090050

## Efni: Sérreglur fyrir Ísafjarðarbæ - Byggðakvóti 2017-2018

Hér með tilkynnist eftirfarandi ákvörðun, frá 410. fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar sem haldinn var 14. desember sl., varðandi sérreglur fyrir Ísafjarðarbæ vegna úthlutunar byggðakvóta í Ísafjarðarbæ:

### „4. Tillögur að sérreglum fyrir Ísafjarðarbæ varðandi úthlutun byggðakvóta í Ísafjarðarbæ - 2017090050

Gísli H. Halldórsson leggur fram eftirfarandi tillögu Ísafjarðarbæjar:

„Ákvæði reglugerðar nr. 604/2017 gilda um úthlutun byggðakvóta Ísafjarðar, Hnífsdals, Þingeyrar, Flateyrar og Suðureyrar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

a) Ákvæði a-liðar 1. gr. breytist og verður: Hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni, sbr. 4. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, eða frístundaveiðileyfi skv. 2. tl. 4. mgr. 6. gr. sömu laga, við lok umsóknarfrests.

b) Ákvæði c-liðar 1. gr. breytist og verður: Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í sveitarfélaginu 1. júlí 2017.

c) Ákvæði 1. málsl. 1. og 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðíárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal fyrst úthluta bátum með frístundaleyfi sbr. a-lið, 1 þorskígildistónni á bát, 40% af því sem eftir stendur skal skipt jafnt milli annarra skipa, þó ekki meira, í þorskígildum talið, en viðkomandi báтур landaði á fiskveiðíárinu 2016/2017, afganginum skal skipt hlutfallslega, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildissstuðla, í þorskígildum talið, sem landað var innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2016 til 31. ágúst 2017.

Afli af fiskiskipum sem landað er í sveitarfélaginu af bátum sem ekki eru skráðir innan sveitarfélagsins, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr.

d) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður þannig: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga á



## ÍSAFJARÐARBÆR


Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður  
tímabilinu frá 1. september 2017 til 31. ágúst 2018, Ísafjarðarbær getus ~~bóheimilas~~ ~~auð aflanum~~ ~~þó se~~ ~~.is~~ landað innan sveitarfélags með áritun á umsókn viðkomandi um byggðakvóta.“

Til máls tóku: Nanný Arna Guðmundsdóttir, forseti, Gísli H. Halldórsson, bæjarstjóri, Daníel Jakobsson og Kristján Andri Guðjónsson.

Forseti ber tillöguna upp til atkvæða.

Tillagan samþykkt 9-0.“

Virðingarfyllst,

  
Pórdís Sif Sigurðardóttir  
bæjarritari